fjelagsskap og I.O.G.T. R. F. 1937. Drukknaði við Akranes 19. 2. 1939. K. Elín Ásmundsdóttir b. í Háteigi á Akranesi, Þórðarsonar.

**Bjarni Pálsson,** f. 20. 1. 59 á Gilsstöðum í Vatnsdal. For. P. b. þar og síðar á Akri Ólafsson og k. Guðrún Jónsdóttir pr. í Otradal, Jónssonar hrstj. á Kornsá. Stúd. 1884. Cand. theol. 1886. Veittur Rípur 31. 8. 86 og vígður þangað 12. 9. s. á., Þingeyraklaustur og Hjaltabakki 14. 10. 87. Skip. próf. í Húnav.próf.d. 7. 5. 14. Hrnm. lengi og um skeið oddviti. Sýslnm. 1900—06, í frn. 1910—13. Prófdómari mörg ár við Kvennaskólann á Ytri-Ey. Bjó í Steinnesi í Þingi. D. 3. 6. 1922 í Steinnesi. K. 1888 Ingibjörg, f. 5. 3. 67, d. 1. 5. 16, Guðmundsdóttir hrstj. á Fagranesi, Sölvasonar.

**Bjarni Pjetursson,** f. 2. 5. 69 á Grund í Skorradal. For. P. Þorsteinsson, b. þar og hrstj., og k. Kristín Vigfúsdóttir b. Grund, Gunnarssonar frá Hvammi á Landi. B. á Grund 1899—1928. Hrstj. og sýslnm., símstöðvarstj. Hlaut heiðurslaun úr styrktarsjóði Chr. konungs IX. 1911. D. 8. 8. 1928 í Rvík. K. 1901 Kortrún, f. 9. 5. 70, Steinadóttir, Valdastöðum í Kjós, f. 6. 6. 28, Halldórssonar.

**Bjarni Pjetursson,** f. 14. 9. 73 í Hákoti í Njarðvíkum. For. P. Bjarnason, b. þar, f. 17. 6. 37, d. 1884, og k. Kristín, f. 1835, d. 1899, Jóhannsdóttir próf. í Hruna, Gunnlaugssonar Briem. Gagnfr. Flensborg 1894. Næstu árin kennari í Hafnarf., kenndi söng í Flensborg 1896—97. Kennari á Þingeyri við Dýrafjörð 1899—1914 og jafnframt verzlm. þar. Verkstjóri í Rvík og söngkennari við barnaskólann þar 1914—23. Starfaði mikið í I.O.G.T., ritari Umdst. o. fl. D. 8. 5. 1923 í Rvík. K. 1900 Margrjet, f. 5. 7. 75, Egilsdóttir í Arabæ í Rvík, Gunnlaugssonar.

Jón **Bjarni Pjetursson,** f. 25. 4. 85 í Rvík. For. P. Jónsson, blikksmiður þar, og k. A n n a Kristjana Bjarnadóttir verzlm. í Hafnarf., Oddssonar. Lærði blikksmíði hjá föður sínum. Frh.nám í Kh. 1905. Forstjóri blikksmiðjunnar og meðeigandi með Kristni bróður sínum síðan. Frkvstj. fyrirtækisins með br. sínum, og heitir það nú Blikksmiðja og stáltunnugerð. Jafnframt frkvstj. fiskveiðahlutafjel. „Otur“ 1923—37. K. 1907 Ingibjörg, f. 2. 4. 85, Steingrímsdóttir smiðs Hf. Guðmundssonar.

**Bjarni Runólfsson,** f. 10. 4. 91 í Hólmi í Landbroti, V.-Skapt. For. R. Bjarnason, b. þar, læknir góður, og k. Rannveig Bjarnadóttir b. á Prestsbakka, Bjarnasonar. B. í Hólmi 1921—38. Raffræðingur. Kom upp rafstöð hjá sjer 1921, og reisti alls hátt á annað hundrað rafstöðva. Smíðaði um eða yfir 100 vatnshreyfla (túrbínur). Annálaður hugvits- og atorkumaður. R. F. D. 4. 9. 1938 í Hólmi. K. 1921 Valgerður, f. 15. 7. 96, Helgadóttir b. í Þykkvabæ í Landbroti, Þórarinssonar.

**Bjarni Sigurðsson,** f. 12. 8. 53 í Þerney í Kollaf. For. S. b. í Þerney Tómasson og k. G u ð r ú n Sigríður Þorsteinsdóttir b. á Stokkahlöðum, Gíslasonar. B. á Hofi á Kjalarnesi og lengst á Brimilsvöllum.



Hrstj. 1912—24. Hrnm. lengi. D. 29. 5. 1924. K. Vigdís Sigurðardóttir b. á Sandi í Kjós, Ólafssonar frá Flekkudal, Bjarnasonar.

**Bjarni Magnús Sigurðsson,** f. 1. 8. 67 á Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri. For. S. Nikulásson, b. þar, og k. Rannveig Bjarnadóttir b. á Þykkvab.kl., Jónssonar. Búfr. Eiðum 1887. Barnakennari víða á Austfjörðum, á Fáskrúðsf. nokkur ár, og þar hrn.oddviti og sýslnm., og loks á Eskif. Útgm. þar 1906—24. Hrstj. 1909—24. Hrn.oddviti 12 ár. Sýslnm. mörg ár. Safnaðarftr. eystra alls 30 ár. Í fasteignamatsnefnd S.-Múl. 1918. Í yfirkjörstjórn lengi. Settur sýslum. nokkrum sinnum. Fluttist til Rvíkur 1924. Skrifstm. um hríð hjá „Bræðurnir Ormsson“. Síðan og enn skrifststj. hjá Miðstjórn Sjálfstfl. K. 1894 Þ ó r u n n Jónína, f. 5. 12. 72, Eiríksdóttir b. á Vattarnesi, Þórðarsonar.

**Bjarni Sigurðsson,** f. 24. 7. 89 í Vigur á Ísafj.djúpi. For. S. pr. þar og alþm. Stefánsson og k. Þórunn Bjarnadóttir. B. í Vigur. Hrstj. og sýslnm. K. 1914 Björg, f. 7. 7. 89, Björnsdóttir hrstj. og dbrm. á Veðramóti, Jónssonar.

**Bjarni Sigurðsson,** f. 18. 1. 96 að Ármýrum, Snæf. For. S. Jónsson, b. þar og síðar á Berserkseyri, f. 15. 4. 70, og k. Dagbjört, f. 16. 4. 71, Guðmundsdóttir b. Ögri, Snæfn., Guðmundssonar. B. á Berserkseyri í Eyrarsveit. Hrstj. 1934 og síðan. Póstur. K. 29. 8. 22 Ástrós Ágústa, f. 2. 8. 95, Elísdóttir frá Berserkseyri, Guðnasonar.

**Bjarni Sigurðsson,** f. 30. 9. 04 á Auðshaugi, Barðaströnd. For. S. Pálsson, b. þar, og k. V a l b o r g Elísabet, f. 31. 3. 79, d. 19. 4. 19, Þorvaldsdóttir, als. Árna yfirkennara á Akureyri. Stúd. 1924. Cand. med. 1931. Framh.nám í Kh., Hamborg, Berlín og Wien. Settur hjer.l. í Nauteyrarhjer. 15. 7. 31—31. 12. 32. Þjónaði í Ögurhjer. 1. 1. 33—30. 10. 34. Settur hjer.l. í Flateyrarhjer. 1. 1. 36—30. 9. s. á. Frá 1. 10. 36 skip. hjer.l. í Reykdælahjer. Lausn frá emb. eftir umsókn frá 15. 11. 39. Dvelur í Þýzkalandi. Ókv.

**Bjarni Símonarson,** f. 9. 5. 67 á Bjarteyjarsandi á Hvalfj.strönd. For. S. síðar b. á Iðunnarstöðum í Lundarreykjadal, d. 19. 6. 96, Jónsson b. í Efstabæ, d. 1875, Símonarsonar, og k. 28. 6. 73 Sigríður, f. 9. 7. 45, Davíðsdóttir b. á Miðsandi, f. 1806, d. 3. 3. 54, Björnssonar á Hvanneyri og Tungufelli, Ólafssonar. Stúd. 1888. Fjekkst við kennslu um hríð. Cand. theol. 1893. Kennari um skeið í Rvík. Veittur Brjánslækur 23. 1. 97 og vígður 11. 5. s. á. Próf. í Barðastr.prófastsdæmi 16. 6. 02 og síðan. Fróðleiksmaður. Kenndi piltum undir skóla. Rit: Frjettir frá Íslandi 1893—97 (með Skírni) og einn af útgef. „Verði ljós“, 1.—2. árg. Bjó undir prentun Prjedikanir sr. Páls Sigurðssonar. D. 16. 3. 1930. K. 12. 8. 97 Kristín, f. 11. 4. 50, d. 8. 5. 37, Jónsdóttir pr. á Breiðabólstað í Vesturhópi, d. 17. 8. 59, Sigurðssonar. Hún var áður gift Gunnlaugi Þ o r v a l d i Stefánssyni, pr. í Hvammi í Norðurárdal.

**Bjarni Snæbjörnsson,** f. 8. 3. 89 í Rvík. For. S. múrari, f. 26. 3. 63, Jakobsson útvb. á Litla-Seli í Rvík, Steingrímssonar, og k. M á l f r í ð-